

PHILIPP VALENTA - EYKTARMÖRK

Grein skrifuð um myndlist Philipp Valenta í tilefni af útgáfu bókarinna „Fjármálahljóð“.

Á meðal örnefna í íslensku landslagi má finna staðarnöfn sem vísa til tímans.¹ Nöfn líkt og *Nónvarða, Hádegisvarða* og *Hádegishnúkar*, vísa öll í forna tímæiningu sem deilir sólarhringnum í átta jafna hluta; eyktir.² Staðirnir hafa hlotið nafn sitt út frá því hvenær tíma dags sólin ber yfir þá, séða út frá vissum bæjarstæðum í grenndinni. Nafngiftin á landslaginu er því til komin af afstöðu mannsins við landslagið og staðsetningu sólarinnar og er almennt slíkir staðir sem marka tímann kallaðir *eyktarmörk*.

Eyktarmörk gefa landslaginu aðra merkingu og hlutverk í hugum mannsins sem sífelld áminning um tímann og flæði hans. Hlutbinding tímans með þessum hætti gerir okkur kleift að staðsetja okkur í endurteknu ferli náttúrunnar og gerir tímann hlutlægari, óþreifanlegri og umfaðmanlegri í hugsun. Því tekur hugmynd okkar um tímann breytingum og verður þessi óþreifanlega hugmynd líkt og tíminn er, jafn meðfærilegur og hversdagslegur okkur og hver annar hlutur.

Nótnaskrift vestrænnar tónlistar hefur haft svipuð áhrif á nálgun okkar á tónlist. Með nótnaskrift tekst að afmarka og binda óefniskennandan heim hljóðanna og er saga tónlistar og fagurfræði hennar bundin af möguleikum þessa mælitækis. Nótnaskriftin og eyktarmörkin eiga það einnig sameiginlegt að forsendur þeirra byggja á huglægum útgangspunkti. Í tilfelli eyktarmarkna er það staðsetning bæjarstæðis í landslagi og í tilfelli nótnaskriftar er útgangspunkturinn margbreytilegur, þó að í upphafi hafi hún átt eingöngu að tjá „tóna“ (ekki hljóð) útlistaða í tíma.

Það er heillandi að hugsa til þess að eyktarmörkin séu byggð á forsendum tiltekinnar bæjarstæða en forsendur markanna hverfa um leið og sá útgangspunktur tekur að færast til í landslaginu. Philipp Valenta leikur sér að þessari hugmynd í verkum sínum að nálgast hugmyndir og menningu samtímans útfrá tilfærðum útgangspunktum. Hann nýtir sér fagurfræði og hugmyndaheim myndlistar og tónlistar sem mælitæki á hugsanir og hluti í hversdeginum og gefur okkur þannig nýja sýn á landslag hversdagsins, hugmyndirnar taka á sig form hluta og hugmyndir okkar um hlutina taka breytingum.

Dráinn Hjálmarsson

¹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili. *Íslenzkir þjóðhættir*, 3. útgáfa. (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðjan, 1962). Bls. 2.

² Ibid. - *Eyktirnar átta: ótta (kl. 3), miður morgunn (kl. 6 að morgni), dagmál (kl. 9), hádegi (kl. 12), nón (kl. 15), miðaftann (kl. 18), náttmál (kl. 21) og miðnætti.*